

## AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 258/1999,  
fyrir Styrktarsjóð Umhyggju.**

### 1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

#### 5. gr. orðist svo:

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fjölskyldur langveikra barna með fjárfram lagi, þegar fjárhags-erfiðleika má rekja til veikinda viðkomandi barns. Heimilt er að veita útfararstyrki vegna andláts langveikra barna. Fjölskyldur sem ekki hafa aðgang að öðrum styrktarsjóðum foreldrafélaga langveikra barna, skulu hljóta forgang að styrkjum úr sjóðnum.

Einnig er heimilt að veita styrki úr sjóðnum til verkefna sem unnin eru í þágu langveikra barna og fjölskyldna þeirra.

#### 6. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipa þrír einstaklingar og tveir til vara. Stjórn Umhyggju tilnefnir einstaklinga í stjórn sjóðsins. Tilnefningar skulu gilda í tvö ár í senn. Enginn skal sitja í stjórn sjóðsins lengur en sex ár í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Gjaldkeri skal hafa á hendi vörslu sjóðsins. Stjórnarfundir skulu haldnir a.m.k. tvisvar á ári og skal til þeirra boðað af formanni. Stjórn sjóðsins skal halda fundargerðabók um ákvarðanir sínar og um hvaðeina er varðar rekstur sjóðsins.

#### 7. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal í samráði við stjórn Umhyggju, tilnefna þrjá einstaklinga í úthlutunarnefnd til að annast styrkveitingar úr sjóðnum samkvæmt umsókn. Stjórn sjóðsins, í samráði við stjórn Umhyggju, skal setja styrktarnefndinni starfsreglur, þ.m.t. um hámarksfjárhæð styrks og heildarfjárhæð styrkja til hvers einstaklings.

Stjórn skal velja í úthlutunarnefnd einstaklinga sem hafa sérþekkingu á málefnum langveikra barna og fjölskyldna þeirra. Styrktarnefnd skal halda sérstaka gerðabók um ákvarðanir sínar.

### 2. gr.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Umhyggju staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 17. april 2013.*

**Bjarni Stefánsson.**

*Björn Ingi Óskarsson.*